

SAMÞYKKT

um byggðarmerki Vopnafjarðarhrepps.

VOPNAFJARÐAR HREPPUR



1. gr.

Byggðarmerki Vopnafjarðarhrepps skal vera blár skjöldur (Pantone 294c) með hvítum dreka. Útlínur drekans eru bláar og að baki hans er hvítur hringur sem er tákn sólar. Blái liturinn er annars vegar tákn sjávar og hins vegar tákn himins. Hvít rönd skilur að himin og haf. Drekin er tengdur frásögn Heimskringlu um landvætti.

„Haraldr konungr bauð kunnugum manni at fara í hamförum til Íslands ok freista, hvat hann kynni segja honum. Sá fór í hvalslíki. En er hann kom til landsins fór hann vestr fyrir norðan landit. Hann sá at fjöll öll ok hólar váru fullir af landvöttum, sumt stórt, en sumt smátt.

En er hann kom fyrir Vápanfjörð, þá fór hann inn á fjörðinn ok ætlaði á land at ganga. Þá fór ofan eptir dalnum dreki mikill, ok fylgdu honum margir ormar, pöddur ok eðlur ok blésu eitri á hann. En hann lagðisk í brot ok vestr fyrir land, allt fyrir Eyjarfjörð.“

2. gr.

Í hátíðarútgáfu merkisins er neðri hluti skjaldar (haf) og útlínur drekans bláar (Pantone 274C), himininn rauður (Pantone 221c) og sólin gul (Pantone 122c). Hátíðarútgáfa byggðarmerkisins má aðeins nota þar sem merkið stendur eitt og sér, t.d. á fánum, skjöldum og barmmerkjum.

3. gr.

Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps, sveitarstjóri og stofnanir hreppsins nota byggðarmerkið með embættis- og skrifstofuheitum eða nafni stofnunar á bréfum og í prentuðu máli þar sem það á við, svo og í stimplum.

4. gr.

Notkun á byggðarmerki Vopnafjarðarhrepps er óheimil án leyfis hreppsnefndar Vopnafjarðarhrepps, sbr. 29. gr. samkeppnislaga, nr. 8/1993. Ekki er heimilt að breyta út af samþykkttri gerð merkisins, sbr. meðfylgjandi teikningu, nema í sérstakri hátíðarútgáfu og í svart-hvítri útgáfu. Óheimilt er að hafa merkið í firmamerkjum og vörumerkjum og nota það til stjórnmálaáróðurs.

5. gr.

Svart-hvíta útgáfu byggðarmerkisins má einungis nota við bóka- og blaðaprent og er hún heimil án sérstaks leyfis. Við útgáfu minjagripa og myntsláttu er heimilt að falla frá litatáknum merkisins og útlínunum skjaldarins.

6. gr.

Umsókn um leyfi til að nota byggðarmerki hreppsins skulu fylgja a.m.k. tvö sýnishorn og upprættir af merkinu eins og það á að nota.

Hreppsskrifstofan á Vopnafirði leiðbeinir um gerð merkisins og varðveitir sýnishorn af því.

Samþykkt þessi, sem sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps hefur gert, staðfestist hér með, sbr. 3. mgr. 4. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986, til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 31. janúar 1995.

Rannveig Guðmundsdóttir.

Anna G. Björnsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í þéttbýli í Neskaupstað 1995.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund í Neskaupstað, sbr. c. lið 1. gr. samþykktar nr. 303/1992 um hundahald í Neskaupstað, skal vera kr. 6.700 á árinu 1995.

Gjaldið greiðist fyrirfram á gjalddaga 1. janúar.

Innifalið í leyfisgjaldinu er hundahreinsunargjald.

2. gr.

Handsömunargjald samkvæmt 5. gr. ofangreindrar samþykktar skal vera kr. 3.000 í fyrsta skipti, en síðan hækkar það í kr. 6.000 ef til handsömunar kemur aftur.

3. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Neskaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytið, 8. febrúar 1995.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.